



Haukur Ingibergsson

Hlutverk Þjóðskrár Íslands í auðkenningu

Vinnustofa 17.9.2012

Öryggi í rafrænum samskiptum –
rafræn auðkenning

Vegabréf – mikilvægasta auðkenni landsmanna

- Vegabréf er mikilvægasta persónuskilríki landsmanna til að ferðast milli landa, sanna á sér deili gagnvart fjármálastofnunum og öðrum aðilum sem krefjast tvímælalausrar auðkenningar.
- Íslendingar eru handhafar um 250.000 vegabréfa og er vegabréf því eitt útbreiddasta skilríki landsmanna.
- Vegabréf er skilríki búið rafrænum eiginleikum en yfirleitt aðeins notað „á staðnum“ þar sem handhafi þess er staddur.
- Engin alþjóðvegabréfastofnun er til en Alþjóðaflugmálastofnunin efnir til samstarfs um vegabréfamál og hefur áhrif – ekki völd.
- Tugir auðkenninga, auk vegabréfs, eru í notkun hérlendis.

Tvö ár liðin frá stofnun Þjóðskrár Íslands

- Skráarstofnun
 - Skráarkerfi og ábyrgð á innihaldi.
 - Skráarkerfi fyrir önnur stjórnvöld.
- Matsstofnun
 - Fasteignamat, brunabótamat.
- Skilríkjastofnun
 - Vegabréf, nafnskírteini, auðkenningarþjónusta Ísland.is
- Rafræn stjórnsýsla
 - Þjónusta við fólk, fyrirtæki og stofnanir.
- Öflug stofnun
 - 100 starfsmenn, 1.200 m.kr. velta. Vottuð ISO 27001.

Þjóðskrá Íslands og Ísland.is

- Verkefnið var flutt til Þjóðskrár Íslands frá forsætisráðuneyti 1. janúar 2011:
 - Upplýsingaveitan island.is
 - Mínar síður, minarsidur.island.is
 - Vefur þjónustutilskipunarinnar, eugo.is
 - Auðkenningarþjónusta Ísland.is
 - Netskil Ísland.is
- Ástæða flutningsins
 - Tryggja öruggan rekstur verkefnisins
 - Skapa frampróun verkefnisins öflugt bakland
 - Rekstraraðili noti þjónustuna í eigin starfsemi.

Ábyrgð Þjóðskrár Íslands

- Auðkenning Ísland.is
 - Þjónusta við 50 stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök.
 - Þjónusta við fólk og fyrirtæki.
 - 2.000 manns nota auðkenningarþjónustuna á hverjum degi.
- Netskil
 - Þjónusta við 10 stofnanir og sveitarfélög
- Pósthólf
 - Þjónusta við 76 sveitarfélög
- Þjónusta við kerfin 24/7

Sýn Þjóðskrár Íslands á rafræn skilríki

- Lesari á „hvert heimili“ reyndist vera „heimilistæki“ sem heimilin töldu sig ekki þurfa á að halda. Leita þarf nýrra leiða.
- Nauðsynleg fyrir rafrænar undirritanir en:
 - Hve oft á lífsleiðinni þarf fólk þetta?
 - Er raunhæft að koma upp öllum innviðum sem til þarf á tölvum landsmanna?
- Henta vel þar sem þarf að vera mikið öryggi
 - Góður kostur fyrir t.d. heilbrigðisstarfsmenn og þá sem vinna við rafrænar þinglýsingar
- Sjálfsagt að halda áfram þróun rafrænna skilríkja í takt við nýja tækni og þarfir fyrir hátt fullvissustig auðkenningar.

Sýn Þjóðskrár Íslands á veflykil RSK

- Þjóðskrár Íslands notar veflykil RSK í auðkenningu sína.
- Veflykil, fullvissustig 2, dugar fyrir stóran hluta almennra þarfa svo sem flutningstilkynningar, umsókn um greiðsluaðlögun, umsókn um orlofshús, skráning í sambúð, undirskriftasafnanir, íbúakannanir...
- Sterkari auðkenningu, fullvissustig 3, þarf fyrir viðkvæmari þætti svo sem aðgang að heilbrigðisupplýsingum.
- Vantar veflykla fyrir 14 til 16 ára.
- Halda áfram með veflykla á fullvissustigi 2 en bjóða upp á styrkingu upp í fullvissustig 3

Takk fyrir!

